



Félag löggiltra endurskoðenda


Námskeið 12. nóvember 2020 Arðgreiðslur frá A til Ö

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinendur:	Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögfræðingur og meðeigandi hjá Deloitte
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Fimmtudaginn 12. nóvember 2020 kl. 13:00 – 16:00
Einingar:	Tvær endurmenntunareiningar í floknum skattur- og félagaréttur og ein í reikningskilum og fjármál
Verð:	Kr. 21.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 31.000 fyrir aðra
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 15:00 - 11. nóvember

Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu verður fjallað um arðgreiðslur frá víðu sjónarhorni. Námskeiðið mun taka á lögfræðilegum- og skattalegum álitamálum í tengslum við arðsúthlutanir auk þess sem farið verður í skilgreiningar á helstu hugtökum eins og t.d. hagnaði og frjálsum sjóðum. Þá verður fjallað um eignir móður og dótturfélaga, arðgreiðsluheimildir, formskilyrði og fleira sem skiptir máli. Að lokum verður dómur Hæstaréttar í máli nr. 2/2020 reifaður, auk annarra áhugaverðra dóma og úrskurða á þessu sviði.

Á námskeiðinu verður leitast við að taka saman helstu gildandi reglur á þessu sviði og gera lauslega grein fyrir þeim þannig að heildstæð mynd fáiast af arðgreiðslum og framkvæmd þeirra almennt.



Leiðbeinandi:

Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögfræðingur og meðeigandi hjá Deloitte, hefur yfir 13 ára reynslu á sviði innlends- og alþjóðlegs skattaréttar og félagaréttar, ásamt því að hafa unnið við fjölda verkefna á sviði endurskipulagningu fyrirtækja, samruna og yfirtökur, og gerð lögfræðilegra- og skattalegra áreiðanleikakannana.